

Bakhjarl

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ársreikningur
2023

Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30
105 Reykjavík
kt. 630410-2150

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnenda	3	Efnahagsreikningur	7
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	6	Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnenda

Bakhjarl Sambands Íslenskra sveitarfélaga er tryggingasjóður sem settur var á laggirnar síðla árs 2009. Tilgangur sjóðsins er varsla og ávöxtun fjármuna sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs árið 2009, ásamt fjármunum frá sambandinu. Markmiðið er að raunvextir sjóðsins á hverjum tíma verði nýttir til þess að standa undir lífeyrisskuldbindingum sambandsins og Bjargráðasjóðs og í rekstur sambandsins eftir því sem þörf er á. Sjóðurinn er rekinn í umsjón Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem sjálfstæð eining með sjálfstæðan fjárhag og hefur eigin kennitölu.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2023 voru útgjöld 96,5 m.kr. og fjármunatekjur voru 45,2 m.kr. og var rekstrarniðurstaðan því neikvæð um 51,3 m.kr. Samkvæmt tryggingafræðilegu mati var lífeyrisskuldbinding sjóðsins 488,0 m.kr. í árslok 2023 og hafði hún hækkað um 58,3 m.kr. á árinu.

Heildareignir Bakhjarls samkvæmt efnahagsreikningi í árlok 2023 nema 793,9 m.kr., en skammtímaskuldir og skuldbindingar námu 511,9 m.kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 282,0 m.kr. í árslok 2023. Eignir í fjárvörslu og handbært fé sjóðsins nema í árslok samtals 736,0 m.kr. og var raunávöxtun eignasafnsins neikvæð um 2,8% á árinu 2023 að teknu tilliti til fjármagnstekjuskatts.

Stjórn Bakhjarls Sambands Íslenskra sveitarfélaga staðfestir hér með ársreikning Bakhjarls fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík 23. febrúar 2024.

Stjórn:

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga staðfestir hér með ársreikning Bakhjarls Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík 23. febrúar 2024.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga:

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga staðfestir hér með ársreikning Bakhjarl Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Bakhjarls Sambands Íslenskra sveitarfélaga („Bakhjarl“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Bakhjarls 31. desember 2023 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð Bakhjarli í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi Bakhjarls og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa Bakhjarl upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits Bakhjarls.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi Bakhjarls. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi Bakhjarls.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 23. febrúar 2024

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2023	Ársreikningur 2022
Vaxtatekjur		4.030.257	500.000	875.093
Matsbreyting sjóða í fjárvörslu	5	41.131.473	15.000.000	(29.419.253)
Fjármagnstekjuskattur		(9.805.355)	(3.410.000)	7.510.537
Hreinar tekjur (gjöld) af fjármunum		35.356.375	12.090.000	(21.033.623)
Rekstrargjöld		(1.993.961)	(1.600.000)	(1.518.184)
Hreinar rekstrartekjur (-gjöld)		33.362.414	10.490.000	(22.551.807)
Framlag vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð	6	(2.621.946)	(2.621.946)	(2.621.946)
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	8	(82.059.474)	(40.457.417)	(59.044.061)
Afkoma ársins	7	(51.319.006)	(32.589.363)	(84.217.814)

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir

	Skýr.	2023	2022
Fjárfestingar:			
Fjárvarsla og sjóðir	5	<u>725.522.747</u>	<u>721.732.897</u>
Aðrar eignir:			
Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs	4,6	57.754.000	60.375.946
Skammtímakröfur		98.574	0
Handbært fé	3	<u>10.477.882</u>	<u>15.579.184</u>
Aðrar eignir samtals		<u>68.330.456</u>	<u>75.955.130</u>
Eignir samtals		<u><u>793.853.203</u></u>	<u><u>797.688.027</u></u>

Eigið fé og skuldir

		2023	2022
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur	7	<u>281.981.788</u>	<u>333.300.794</u>
Skuldbindingar:			
Lífeyriskuldbinding	8	461.990.572	408.706.658
Skattsskuldbinding vegna fjárfestinga	9	<u>23.760.408</u>	<u>24.680.575</u>
Skuldbindingar samtals		<u>485.750.980</u>	<u>433.387.233</u>
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir		120.435	10.000.000
Næsta árs greiðslur vegna lífeyriskuldbindingar	8	<u>26.000.000</u>	<u>21.000.000</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>26.120.435</u>	<u>31.000.000</u>
Skuldbindingar og skuldir samtals		<u>511.871.415</u>	<u>464.387.233</u>
Eigið fé, skuldbindingar og skuldir samtals		<u><u>793.853.203</u></u>	<u><u>797.688.027</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr.	Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2023	Ársreikningur 2022
Rekstrarhreyfingar:				
Afkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi	7	(51.319.006)	(32.589.363)	(84.217.814)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	8	82.059.474	40.457.417	59.044.061
Matsbreyting sjóða í fjárvörslu, nettó	5	(33.789.850)	(11.700.000)	33.344.927
Skattsskuldbinding, breyting	9	(920.167)	0	(11.989.353)
Veltufé (til) rekstrar		(3.969.549)	(3.831.946)	(3.818.179)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur lækkun		(98.574)	0	0
Skammtímaskuldir (lækkun) hækkun		(9.879.565)	(10.000.000)	10.000.000
Fyrirframgreiðsla v. uppgjör við Brú, breyting	6	2.621.946	2.621.946	2.621.946
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	8	(23.775.560)	(21.000.000)	(20.891.276)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		(31.131.753)	(28.378.054)	(8.269.330)
Handbært fé (til) rekstrar		(35.101.302)	(32.210.000)	(12.087.509)
Fjárfestingarhreyfingar:				
Fjármunir fluttir úr fjárvörslu	5	30.000.000	20.000.000	70.000.000
Fjárfestingarhreyfingar samtals		30.000.000	20.000.000	70.000.000
Fjármögnunarhreyfingar:				
Framlag til Sambandsins	7	0	0	(50.000.000)
Fjármögnunarhreyfingar samtals		0	0	(50.000.000)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(5.101.302)	(12.210.000)	7.912.491
Handbært fé í ársbyrjun		15.579.184	15.579.184	7.666.693
Handbært fé í árslok	3	10.477.882	3.369.184	15.579.184

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

- 1 Ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og byggir hann á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Fjárvörslureikningur

- 2 Fjárvörslureikningur í bankastofnunum er færður til eignar í efnahagsreikningi samkvæmt markaðsvirði í árslok.

Handbært fé

- 3 Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

- 4 Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Fjárfestingar

5 Fjárvörslureikningar greinast þannig:	2023	2022
Eign 1.1.	721.732.897	825.077.824
Fært úr fjárvörslu hjá Íslandsbanka	(30.000.000)	(70.000.000)
Ávöxtun á fjárvörslureikningi	41.131.473	(29.419.253)
Greidd vörslupóknun	(111.768)	(143.855)
Innvextir af eignastýringareikning	3.344.886	646.764
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	(10.574.741)	(4.428.583)
Eign 31.12.	<u>725.522.747</u>	<u>721.732.897</u>

Stjórn Bakhjarls hefur samið við Íslandsbanka um varðveislu og ávöxtun fjármuna sjóðsins. Samhliða þeim samningum var fjárfestingastefna sjóðsins mörkuð. Fjárfestingastefnan gerir ráð fyrir að fjárfestingar skuli skiptast í eftirtaldar tegundir fjármálagerna:

	Fjárfestingar- stefna	Lágmark	Hámark
Innlán	5%	0%	15%
Ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	65%	50%	85%
Skuldabréf og víxlar fjármálastofnana	10%	0%	15%
Skuldabréf sveitarfélaga	20%	0%	30%

Fjármunir sjóðsins skiptast í eftirtaldar tegundir fjármálagerna í árslok 2023:

	Fjárhæð	Hlutfall
Innlán	47.355.569	7%
Ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	478.356.093	66%
Skuldabréf og víxlar fjármálastofnana	74.320.350	10%
Skuldabréf sveitarfélaga	<u>125.490.732</u>	17%
Markaðsvirði eigna í fjárvörslu í árslok	<u>725.522.744</u>	

Skýringar, frh.

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

- 6 Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

	Lífeyrisauka- sjóður	Varúðarsjóður	Samtals
Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	55.123.627	5.252.318	60.375.945
Gjaldfært á árinu.....	(2.257.623)	(364.323)	(2.621.946)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	52.866.004	4.887.995	57.753.999

Fyrirframgreiðsla greinist þannig:

Næsta árs gjaldfærsla.....	2.621.945	364.323	2.986.268
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	50.244.059	4.523.672	54.767.731
Samtals í efnahagsreikningi.....	52.866.004	4.887.995	57.753.999

Eigið fé

7 Eigið fé greinist þannig:	2022	2022
Eigið fé 1.1.	333.300.794	467.518.608
Framlag frá Sambandinu	0	(50.000.000)
Afkoma ársins	(51.319.006)	(84.217.814)
Eigið fé 31.12.	281.981.788	333.300.794

Lífeyrisskuldbinding

- 8 Samkvæmt samþykkt stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2009 voru lífeyrisskuldbindingar sambandsins og Bjargráðasjóðs fluttar yfir í Bakhjarl sambandsins m.v. 1. desember 2009 að fjárhæð 190,8 m.kr. Samkvæmt tryggingafræðilegu mati nemur lífeyrisskuldbindingin 487,9 m.kr. miðað við árslok 2023. Hækkun lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu nam 49,2 m.kr. og er hún gjaldfærð í rekstrarreikningi. Sá hluti skuldbindingarinnar sem áætlaður er til greiðslu á árinu 2024 er færður meðal skammtímaskulda. Í október 2023 ákvarðaði stjórn Brúar lífeyrissjóðs að viðbótarframlag yrði innheimt hjá launagreiðendum frá og með janúar 2024 vegna tiltekins hóps lífeyrisþega sem væri með tryggð réttindi hjá sjóðnum. Nemur þetta framlag 10% af mánaðarlegum lífeyri þessara aðila. Við þessa ákvörðun myndaðist skuldbinding Bakhjarls gagnvart þessum hópi lífeyrisþega hjá A deild Brúar lífeyrissjóðs. Nam skuldbindingin 32,8 millj. kr. og er hún gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Lífeyrisgreiðslur eru hafnar vegna nokkurra fyrrverandi starfsmanna og nam framlag Bakhjarls vegna þeirra 23,8 m.kr. á árinu 2023. Breyting á lífeyrisskuldbindingu á árinu greinist þannig:

	2023	2022
Staða í ársbyrjun	429.706.658	391.553.873
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á árinu	(23.775.560)	(20.891.276)
Breyting á árinu	49.291.754	59.044.061
Viðbótarskuldbinding vegna A-deildar	32.767.720	0
Staða í árslok	487.990.572	429.706.658
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar	461.990.572	408.706.658
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	26.000.000	21.000.000
	487.990.572	429.706.658

Skýringar, frh.

Skattsskuldbinding

- 9 Skuldbinding vegna óinnleysts hagnaðar af fjármunum í fjárvörslu er reiknuð miðað við gildandi skatthlutfall og færð í ársreikninginn.

Lykiltölur

10 Helstu lykiltölur:	2023	2022
Eiginfjárhlutfall - Eigið fé/heildarfjármagni	35,5%	41,8%